

Alþingi 31.05.20

Málsnr.: 1805133

Málalykill: 0.34.4



Veiðigjaldanefnd
b.t. Arndísar Steinþórsdóttur, formanns

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Reykjavík 8. mars 2018
Tilv.: ANR18030341/11.02.04

Efni: Breyttar forsendur við útreikning veiðigjalda

Samkvæmt 4. mgr. 4. gr. laga um veiðigjald skal veiðigjaldsnefnd viðhafa viðvarandi könnun á því hvort haga megi öflun upplýsinga og úrvinnslu gagna þannig að sérgreina megi útreikning veiðigjalds frekar en gert er ráð fyrir í lögnum og skal gera tillögur til ráðherra um breytingar af því tilefni. Til þess getur m.a. talist tillögur er varða útfærslur gjaldstofns veiðigjalds og hlutfall veiðigjalds af gjaldstofni.

Með bréfi dags. 31. október 2017 fól ráðuneytið nefndinni að taka sérstaklega til skoðunar ýmiss atriði varðandi framkvæmd laga um veiðigjald í ljósi reynslunnar. Sérstaklega var tiltekið að ástæða væri til að skoða reiknigrunn gjaldsins vandlega. Til lengri tíma litið kynni að vera óæskilegt að byggja á gögnum frá Hagstofunni auk þess að skýrslan Hagur veiða og vinnslu, helsti grundvöllur gjaldsins, væri birt allseint sem geri að verkum að hún kunni ekki að gefa svo góðar upplýsingar um sjávarútveg, á þeim tíma sem hún væri hagnýtt, sem æskilegt væri. Þetta varð til þess að veiðigjaldsnefnd mótaði tillögur um nýjar aðferðir við ákvörðun gjaldstofns gjaldsins sem hafa verið lagðar til grundvallar í vinnu ráðuneytisins við endurskoðun laga um veiðigjald.

Sumarið 2017 fól ráðuneytið endurskoðunarskrifstofunni Deloitte að taka saman yfirlit um rekstur sjávarútvegsfélaga á árinu 2016, áætlaða þróun rekstrar sjávarútvegsfélaga á árinu 2017 og áhrif gengisþróunar á virðisbætti sjávarútvegsins. Lokaálit skrifstofunnar lá fyrir 1. mars sl. og hefur verið birt á vef ráðuneytisins. Skrifstofan telur að EBITDA sjávarútvegsfyrirtækja hafi lækkað um 15 mia kr. eða 22% á árinu 2016. Í áliti sínu telur skrifstofan með hliðsjón af hreyfingu helstu hagstærða og útflutningsverðmætis sjávarafurða sem og upplýsingum úr fyrstu birtu ársreikningum ársins 2017 og ársreikningum sem eru með fiskveiðiárið sem sitt uppgjör, að allar líkur séu á því að afkoma versni áfram á rekstrarárinu 2017. Þetta megi m.a. rekja til óhagstæðrar þróunar ytri hagstærða. Verðlag sjávarafurða hafi lækkað verulega í íslenskum krónum og launavísitala hækkað töluvert. Lækkun olíuverðs hafi haft nokkuð jákvæð áhrif á afkomu ársins 2016, en á árinu 2017 hafi olíuverð tekið að hækka að nýju. Skrifstofan telur að EBITDA sjávarútvegsins geti árið 2017 hafa lækkað um 20-37% frá fyrra ári og nemi á bilinu 37 til 45 mia kr.

Um er að ræða miklar breytingar í afkomu fyrirtækja í sjávarútvegi frá árinu 2015, sem var til viðmiðunar við ákvörðun veiðigjalda yfirstandandi fiskveiðiárs. Full ástæða sýnist til þess að bregðast við þessu með tilhlýðilegum hætti. Þess er hér með farið á leit við nefndina að hún geri tillögu til ráðuneytisins um lækkun veiðigjalds sem taki mið af þessum aðstæðum, til að

öðlast gildi frá 1. janúar síðastiðinn og gilda til loka ársins.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Jóhann Guðmundsson

Veiðigjaldsnefnd

Til: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Kristjáns Þórs Júlíussonar,
ráðuneytisstjóra Kristjáns Skarphéðinssonar og Jóhanns Guðmundssonar
skrifstofustjóra.

Frá: Veiðigjaldsnefnd: Arndís Á Steinþórsdóttir, Daða Mía Kristóferssyni og Jóhanni
Sigurjónssyni.

Efni: Svar veiðigjaldsnefndar við bréfi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins dags.
8. mars 2018.

Dags.: 23. mars 2018

Nýlega skilaði ráðgjafafyrirtækið Deloitte skýrslu um afkomubreytingu í sjávarútvegi milli árána 2016 og 2017. Niðurstöður skýrslunnar eru í stuttu máli að umtalsverður samdráttur hafi orðið í afkomu, t.d. að verg hlutdeild fjármagns (EBTDA) verði milli 37-45 milljarða króna á árinu 2017 sem þýðir lækkun um 20-37% frá 2016. Þennan samdrátt megi rekja til breytinga í aflamarki, launum, verkfall sjómanna 2017 og olfuverðshækkun frá miðju ári 2017.

Hagstofa Íslands sendi frá sér skýrsluna Hag veiða og vinnslu 2016 nú í mars. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar skýrslu varð aukning í hagnaði útgerðar milli 2015 og 2016, eða um 6,8%. Heildarhagnaður vinnslu jókst einnig um 9,8%. Ekki er því annað að sjá en að afkoma ársins 2016 í sjávarútvegi hafi verið betri en 2015. Tölur fyrir afkomu ársins 2017 munu ekki liggja fyrir fyrir en snemma árs 2018. Áætla má hver gjaldstofn veiðigjalds miðað við núverandi löggjöf hefði verið 2016 á grunni skýrslu Hagstofu Íslands um Hag veiða og vinnslu 2016. Samkvæmt skýrslunni hefði hann verið um 30 milljarðar króna fyrir botnfisk (EBT veiða + 5% af EBT vinnslu) og 4,8 milljarðar króna fyrir uppsjávarfisk (EBT veiða + 25% af EBT vinnslu).


Veiðigjaldsnefnd hefur þróað spálíkan sem metur þróun framlegðar í veiðum. Líkanið er notað til þess að mæla afkomumun milli veiða ólíkra nytjastofna. Líkanið má einnig nota til að meta þróun afkomu veiða. Byggir líkanið á mældu aflaverðmæti og metnum breytilegum úthaldskostnaði. Fyrir liggur spá líkansins um framlegð veiða fyrir almannaksárið 2017. Samkvæmt þeirri spá lækkaði framlegð við veiðar um 20,9%; 8,9% við uppsjávarveiðar og 23% botnfisveiðar. Þessi niðurstaða er í þokkalegu samræmi við niðurstöður Deloitte.

Ef gert er ráð fyrir að samdráttur í framlegð veiða samkvæmt líkaninu milli 2016 og 2017 skili sér að fullu sem lækkun á gjaldstofni veiðigjalds má ætla að hann hafi lækkað um 35% í botnfiski og 15% í uppsjávarfiski. Þessi forsenda jafngildir því að aðrir kostnaðarliðir en þeir sem teknir eru með í útreikning framlegðar hafi haldist óbreyttir milli ára.

Núgildandi veiðigjald tekur mið af afkomu 2015. Ef miðað er við samdrátt í framlegð á milli árána 2015 og 2017 og litið svo á að árið 2016 hafi verið „skattlausarárið“ þá má ætla að framlegð 2017 í botnfiski hafi lækkað um 31% og framlegð í uppsjávarfiski um 15% frá árinu 2015.

Arndís Á Steinþórsdóttir
Jóhanni Sigurjónssyni
Daða Mía Kristóferssyni


Personuafloeritur



prösentatölus



breytling



Veiðigjaldsnefnd 30. maí 2018

Dæmi m.v. svar VGN til sjávarútvegsráðherra 23. mars s.l.

Veiðigjald fiskveiðiárið 2017 - 2018

	Gjaldstofn 17/18 m.kr	Þar af 33% skv. formúlu	Lækkun hlf	Lækkun m.kr.	Nýr gjaldstofn m.kr.	Þar af 33% skv. formúlu	Mismunur m.kr.
Uppsjávar	5.509	1.818	15%	826	4.683	1.545	273
Botnfiskur	28.112	9.277	31%	8.715	19.397	6.401	2.876
		11.095				7.946	3.149
						400	

Afsláttur - 20% af fyrstu 4,5 m.kr og 15% af næstu 4,5 m.kr. Áætlað

